


Með vísan til samþykkt vinnulags vegna lóðarstækkana var á fundi skipulag- og byggingarráðs þann 11. feb. s.l. samþykkt að grenndarkynna tillögu að skiptingu lóðarræmu sem er staðsett á milli Álfaskeiðs 36 og Vitastígs 12. Um er að ræða 123,5 m² lóðarskika á forræði bæjarins. Fyrir liggur ósk lóðarhafa Vitastígs 12 um stækkun þeirrar lóðar. Skipulags- og byggingarráð fól skipulagsfulltrúa að kynna tillögu að skiptingu landsvæðisins fyrir lóðarhöfum.

Samkvæmt samþykktu deiliskipulagi er gert ráð fyrir að lóðarræma milli Álfaskeiðs 36 og Vitastígs 12 falli öll undir lóðina Álfaskeið 36. Ekki er að finna nein gögn í málinu um það, hvort hugur lóðarhafa um marka breytingar hafi verið kannaður á sínum tíma. Samkvæmt deiliskipulagsupphætti er gert ráð fyrir að lóðarmörk verði með eftirfarandi hætti:



Eigendur að Vitastíg 12 hafa byggt bílskúr samkvæmt þessu deiliskipulagi. Ekki hefur verið gengið frá nýjum lóðarleigusamning við Álfaskeið 36 vegna lóðarstækkunarinnar samkvæmt deiliskipulagi.

Athugasemdir komu frá eigendum Álfaskeiðs 36 vegna þeirra hugmyndar um að breyta lóðarmörkum Álfaskeiðs 36 frá því sem deiliskipulag leggur til. Viðbótar sjónarmið voru einnig sett fram af hálfu eiganda Vitastígs 12. Eins og áður var getið er búið að byggja nýjan bílskúr að Vitastíg 12, og er hann byggður að lóðarmörkum.

Lagt er til að við endurgerð lóðarleigusamnings við Álfaskeið 36, verði lögð kvöð á lóðarstækkunina meðfram langhlið bílskúrsins að Vitastíg 12. Um væri að ræða landræmu sem væri um 1,5 m að breidd og 8-9 m lög. Þessi kvöð væri lögð á lóðarstækkunina svo unnt sé að sinna viðhaldi og rekstri þeirrar langhliðar og þakbrúnar bílskúrsins sem snýr að Álfaskeiði 36.

Þormóður Sveinsson

skipulagsfulltrúi